


STOFNFUNDUR

Keilusambands Íslands



Íþróttamiðstöðin, Laugardal
29. júní 1992

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS
STOFNFUNDUR
29. júní 1992**

1. Fundarsetning.

Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna. Síðan gerði hann grein fyrir stofnun þessa sérsambands og hvað þyrfти til svo hægt væri að stofna sérsamband samkvæmt lögum ÍSÍ. Þá spurði hann fundinn hvort hann hefði eithvað við boðun þessa fundar að athuga þ.e. hvort ekki hefði verið rétt að henni staðið, og fulltrúar eins margir og drög að lögum segðu til um, var fundurinn því samþykkt. Þá tilnefndi hann sjálfan sig sem fundarstjóra og var það samþykkt.

2. Skipun fundarritara.

Ellert lagði til að Guðmundur Gíslason, starfsmaður ÍSÍ yrði fundarritari og var það samþykkt.

3. Kynning á fulltrúum.

Ellert greindi frá því að stofnaðilar væru 3 þ.e.: Íþróttabandalag Reykjavíkur, Ungmennasamband Kjalarnessþings og Íþróttabandalag Suðurnesja. Þá las hann upp nöfn fulltrúa og bað þá að standa upp um leið og hann læsi nöfn þeirra.

Íþróttabandalag Reykjavíkur. (10 fulltrúar)

Aðalfulltrúar:

Ásgrímur H. Einarsson
Guðmundur Kristófersson
Guðný H. Hauksdóttir
Hannes Kristinsson
Haraldur Sigursteinsson
Hjörðís Alfreðsdóttir
Sigurður Sverrisson
Sigurjón Egilsson
Sigurjón Harðarson
Þórir Ingvarsson

Ágústa Þorsteinsdóttir
Bjarni Sveinbjörnsson
Erla Ívars dóttir
Garðar Grétarsson
Guðjón Þór Ólafsson
Gunnar Gunnarsson
Halldór Sigurðsson
Jón H. Bragason
Magnús Reynisson
Valgeir Guðbjartsson

Ungmennasamband Kjalarnessþings (4 fulltrúar)

Ásgeir Þór Þórðarson
Sigurjón Guðfinnsson
Pétur Helgason
Ingimundur Helgason

Íþróttabandalag Suðurnesja (5 fulltrúar)

Þórir Eiríksson
Elmar S. Ingbergsson
Sigurvin Hreinsson
Þorgrímur Hálfdarson
Guðmundur G. Gunnarsson

Alls höfðu því 19 fulltrúar rétt til setu með fullan atkvæðisrétt.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Stofnfundur

29. júní 1992

4. Drög að lögum sambandsins: Jón Árman Héðinsson
Kynning - umræður - atkvæðagreiðsla

Jón Árman Héðinsson skýrði frá vinnunni við samningu þessara laga en þau væru svo til að öllu leyti samhljóða lögum annarra sérsambanda. Lögin höfðu þegar verið send út til stofnaðila til kynningar.

Síðan las hann drögin í heild sinni og skýrði nánar út ýmsar greinar.

LÖG KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

1 gr

Keilusamband Íslands (KLÍ) er æðsti aðili um öll keilumál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).

2 gr

Keilusamband Íslands er samband sérráða og héraðssambanda. Öll þau félög innan ÍSÍ er iðka, æfa og/eða keppa í keiluþróttum geta orðið aðilar að KLÍ.

3 gr

Tilgangur KLÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra keiluþróttta innan ÍSÍ.
- b) Að vinna að eflingu keiluþróttta í landinu.
- c) Að vera málsvari ÍSÍ varðandi keiluþróttir innanlands sem erlendis.

4 gr

Málefnum KLÍ stjórna:

P

- a) Ársþing.
- b) Stjórn KLÍ.

5 gr

Ársþingið fer með æðsta vald í málefnum KLÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda það. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iökenda keiluþróttta (16 ára og eldri), þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltrúar og síðan einn fyrir næstu 25 upp í 100 iökendur, og þá einn fyrir hverja 50 þar fram yfir. Þingið skal árlega háð í apríl. Skal boða það bréflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KLÍ minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn KLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Stofnfundur

29. júní 1992

- d) Allsherjarnefnd.

- e) Kjörnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.

- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

PINGHLÉ -

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

- 10 Önnur mál.

- 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttapring ÍSÍ.

- 12 Kosnir 3 menn í dómstól og 3 til vara.

- 13 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

- 14 Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddir fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddir fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv 5 gr 3 mgr). Ársskýrslu KLÍ sem stjórnin skal leggja fjörlitaða fyrir þingið svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KLÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9 gr

Stjórn KLÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fundarritari. Skal kjósa bundinni, leynilegri kosningu, formann fyrst til tveggja ára í senn, þá aðra stjórnarmenn til tveggja ára og ganga þeir úr stjórn í fyrsta sinn skv hlutkesti. Stjórnarmenn skipta með sér störfum. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn til eins árs í senn, og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast. Koma þeir inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár KLÍ er 1 janúar - 31 desember.

10 gr

Starfssvið stjórnar KLÍ er:

- a) að vinna að eflingu keiluþróttu í landinu
- b) að framkvæma ályktanir ársþinga
- c) að fara með málefni KLÍ milli ársþinga
- d) að semja leikreglur og reglugerðir fyrir keiluþróttir
- e) að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslu og tilkynningar
 - e1) að senda aðildarfélögum fundargerðir stjórnar KLÍ
- f) að líta eftir því að lög og reglugerðir KLÍ séu haldin
- g) að koma fram erlendis fyrir hönd keiluþróttarinnar í landinu.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS
STOFNFUNDUR
29. júní 1992

borist hafa, í síðasta lagi 7 dögum fyrir þing. Ársþingið er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

6 gr

Á ársþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn KLÍ.
- b) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- c) Fastráðir starfsmenn KLÍ og ÍSÍ.
- d) Formenn nefnda.
- e) Formaður Ólympíunefndar Íslands.
- f) Íþróttafulltrúi ríkisins.

Auk þess getur stjórn KLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar kleiliuþróttir innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á ársþingið. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið, má heimila að fulltrúi fari með fleiri en eitt atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila - sérráðs eða héraðssambands - sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboðið, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en tvö atkvæði.

7 gr

Aukaþing skal halda þegar helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem hættur er í félaginu eða fluttur úr héraðinu eða forfallast á anna hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

8 gr

Störf ársþings eru:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS
STOFNFUNDUR
29. júní 1992**

11 gr

Formaður KLÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12 gr

Sérráðin (héraðssambönd) eru tengiliðir milli félaga sinna og stjórnar KLÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mótt sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu iökenda keiluþróttá í umdæminu skulu þau senda stjórn KLÍ fyrir 1 ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á ársþinginu.

13 gr

KLÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.

14 gr

Stjórn KLÍ hefur frjálsan aðgang að öllum keilumótum og sýningum sem fram fara innan végbanda KLÍ. Einnig á hún rétt að sitja aðalfundi sérráða og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

15 gr

Heiðursfélaga KLÍ má stjórn kjósa ef hún er einhuga um það.

16 gr

Tillögur um að leggja KLÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmaðu ársþingi. Til þess að samþykka þá tillögu þurfa minnst 3/4 atkvæðisbærra fulltrúa að greiða henni atkvæði. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KLÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KLÍ til varðveislu.

17 gr

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Ellert þakkaði Jóni fyrir og gaf orðið laust.

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS
STOFGUNDUR
29. júní 1992**

Tillaga um varamenn: Ingimund Helgason
Helgu Sigurðardóttir
Þórð Tyrfingsson

Samþykkt samhljóða.

5.6 Kjör fulltrúa á Íþróttapring.

Tillaga um formann.

Samþykkt samhljóða.

Ellert óskaði þessum aðilum til hamingju með kosningu og óskaði þeim velfarnaðar í starfi hins nýja sambands.

6. Önnur mál.

Sigurður Sverrisson byrjaði á að þakka forseta ÍSÍ fyrir að stuðla að stofnun Keilusambands Íslands sem sýndi áhuga hans á nýjum íþróttagreinum, og að forysta ÍSÍ léti verkin tala. Þá lagði hann fram tillögur um mótafyrirkomulag í deildarkeppninni, frá Keiludeild KR og Keilufélagi Suðurnesja. Jafnframt dreifði hann þeim fjölfolduðum til fulltrúa. Lagði síðan til að þeim yrði vísað til nýkjörinnar stjórnar.

Ellert þakkaði Sigurði fyrir og bar síðan upp tillögu Sigurðar að þessum tillögum yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

Guðjón Ólafsson fagnaði stofnun þessa sérsambands og óskaði hinni nýkjörinni stjórn til hamingju og velfarnaðar við að efla keiluþróttina á Íslandi.

Sigurjón Egilsson tók í sama steng og Guðjón og hvatti menn til að vinna í sameiningu að þessu máli.

Haraldur Sigursteinsson, nýkjörinn formaður KLÍ þakkaði fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt og brýndi fyrir mönnum að nú þyrfti að vinna mikið starf, því margt væri framundan. Þakkaði síðan forstu ÍSÍ fyrir að hafa unnið vel og markvisst að stofnun þessa sambands.

Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri ÍSÍ óskaði mönnum til hamingju með hið nýja samband og stjórninni velfarnaðar í sínu starfi. Þá sagði hann að hún gæti ávalt leitað til skrifstofu ÍSÍ um aðstoð. Síðan sagði hann frá þeim tveimur keilunefndum ÍSÍ sem hefðu starfað og verið undanfari hins nýja sambands. Vildi hann sérstaklega þakka þeim Guðmundi Kristóferssyni og Eggert Þorgrímssyni, sem hefðu verið formenn nefndarinnar fyrir mikið og gott starf.

Að lokum ítrekaði hann árnaðaróskir sínar til sambandsins.

**KEILUSAMBAÐ ÍSLANDS
STOFNFUNDUR
29. júní 1992**

Tillaga um varamenn: Ingimund Helgason
Helgu Sigurðardóttur
Þórð Tyrfingsson

Samþykkt samhljóða.

5.6 Kjör fulltrúa á Íþróttapíng.

Tillaga um formann.

Samþykkt samhljóða.

Ellert óskaði þessum aðilum til hamingju með kosningu og óskaði þeim velfarnaðar í starfi hins nýja sambands.

6. Önnur mál.

Sigurður Sverrisson byrjaði á að þakka forseta ÍSÍ fyrir að stuðla að stofnun Keilusambands Íslands sem sýndi áhuga hans á nýjum Íþróttagreinum, og að forysta ÍSÍ léti verkin tala. Þá lagði hann fram tillögur um mótafyrirkomulag í deildarkeppninni, frá Keiludeild KR og Keilufélagi Suðurnesja. Jafnframt dreifði hann þeim fjölfolduðum til fulltrúa. Lagði síðan til að þeim yrði vísað til nýkjörinnar stjórnar.

Ellert þakkaði Sigurði fyrir og bar síðan upp tillögu Sigurðar að þessum tillögum yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

Guðjón Ólafsson fagnaði stofnun þessa sérsambands og óskaði hinni nýkjörinni stjórn til hamingju og velfarnaðar við að efla keiliþróttina á Íslandi.

Sigurjón Egilsson tók í sama steng og Guðjón og hvattí menn til að vinna í sameiningu að þessu máli.

Haraldur Sigursteinsson, nýkjörinn formaður KLÍ þakkaði fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt og brýndi fyrir mönnum að nú þyrfti að vinna mikið starf, því margt væri framundan. Þakkaði síðan forystu ÍSÍ fyrir að hafa unnið vel og markvisst að stofnun þessa sambands.

Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri ÍSÍ óskaði mönnum til hamingju með hið nýja samband og stjórninni velfarnaðar í sínu starfi. Þá sagði hann að hún gæti ávalt leitað til skrifstofu ÍSÍ um aðstoð. Síðan sagði hann frá þeim tveimur keilunefndum ÍSÍ sem hefðu starfað og verið undanfari hins nýja sambands. Vildi hann sérstaklega þakka þeim Guðmundi Kristóferssyni og Eggert Þorgrímssyni, sem hefðu verið formenn nefndarinnar fyrir mikið og gott starf.

Að lokum ítrekaði hann árnaðaróskir sínar til sambandsins.

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS
Stofnfundur
29. júní 1992**

Ellert bar síðan upp eftirfarandi ályktun frá Framkvæmdastjórn ÍSÍ:

"Stofnfundur Keilusambands Íslands, haldinn 29. júní 1992, samþykkir að fyrsta starfsár sambandsins nái yfir 18 mánuði, þ.e. frá stofnudegi til ársloka 1993.
Fyrsta reglulegt ársþing sambandsins yrði skv. því haldið í apríl 1994."

Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

7. Fundarslit.

Ellert þakkað mönnum fyrir góðan fund og óskaði þeim aftur til hamingju með hið nýja samband. Þá sagði hann að það væri gömul og góð hefð að íslenskum hætti að framkvæmdastjórn ÍSÍ færði nýstofnuðum sérsamböndum svokallað "TANNFÉ" sem væri til að koma sambandinu af stað. Bað hann nýkjörinn formann að koma og veita móttöku ávísun að upphæð kr. 100.000-.

Að þessu loknu sleit hann fundi.

Reykjavík 30. júní 1992

**Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ
fundarstjóri**

**Guðmundur Gíslason
fundarritari**